

Meðfylgjandi eru viðbragðsáætlun og viðbragðsleiðbeiningar fyrir skólastofnanir, sem voru unnin í samráði við Skólameistarafélag Íslands, almannavarnardeild Ríkislögreglustjóra og Embætti landlæknis. Ritin hafa verið samþykkt af mennta- og menningarmálaráðherra.

Viðbragðsáætlun – Viðbrögð við ógnunum, náttúruvá, smitsjúkdómum, efnaslysum og fl., útgáfa 2.0 – 18.01.2021. Ritið inniheldur meginskipulag þegar vá ber að höndum. Athuga að ritinu má ekki breyta efnislega fyrir utan nauðsynlega aðlögun (nafn skóla, starfsheiti og fl.). Sérstaklega er vakin athygli á því að skýrt þarf að koma fram hverjir eru í neyðarstjórn skólans.

Viðbragðsleiðbeiningar fyrir skólastofnanir – Leiðbeiningar um viðbrögð í neyðartilvikum, útgáfa 1.0 - 18.01.2021. Leiðbeiningarnar eru nánari útlistun um fyrstu viðbrögð við skilgreindri vá. Hver vá fyrir sig hefur verið yfirfarin af sérfræðingum á hverju sviði. Til dæmis hefur kaflinn um ofbeldi/hryðjuverk og sprengihótanir verið yfirfarin af sérsveit Ríkislögreglustjóra, kaflinn um sýkla af Embætti landlæknis o.s.frv.

Mikilvægt er að hver skóli yfirfari með tilliti til viðbragðsáætlunar og viðbragðsleiðbeininga.

Kaflir 9 í handbókum um öryggi og velferð barna í leik- og grunnskólum hefur verið uppfærður með tilliti til þessa, þ.e. kaflar um eldgos, jarðskjálfta og snjóflóð verið teknir út.

Sjá uppfærðar handbækur og viðbragðsáætlun og viðbragðsleiðbeiningar á [vef Menntamálastofnunar](#).